

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Birgis Þórarinssonar  
um vexti og framfærslukostnað.

*1. Hvað eru vextir stór hluti af framfærslukostnaði heimilanna?*

Ekki er til nein opinber skilgreining á því hvernig meta skuli framfærslukostnað heimila. Hér er miðað við að einkaneysla heimila alls sé ígildi framfærslukostnaðar. Vaxtagjöld eru vaxtagjöld vegna íbúðarkaupa, kaupleiguíbúða og önnur vaxtagjöld heimila.

Líkt og sjá má á töflunni hér að neðan jukust vaxtagjöld íslenskra heimila allt til ársins 2009 þegar þau námu rúmlega 116 milljörðum króna eða sem nam 15,8% af einkaneyslu heimila alls. Árið 2010 og 2011 hafa útgjöldin síðan dregist nokkuð saman í kjölfar lægri vaxta og endurskipulagningar á efnahagsreikningum heimila. Hlutfall vaxtagjalda af einkaneyslu heimila hefur sömuleiðis dregist saman og nam 10,6% árið 2011.

*2. Til hvaða ráðstafana hefur ráðuneytið gripið til þess að draga úr þessum kostnaði?*

Árin 2009 og 2010 voru allar viðmiðunarfjárhæðir við greiðslur vaxtabóta hækkaðar verulega en tímabundið sem hluti af ráðstöfunum stjórnvalda til að bæta stöðu skuldsettra heimila. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir að þessi hækkun gengi til baka vegna aðhaldsráðstafana en fallið var frá þeirri ákvörðun í fjárlögum það ár. Miðað er við fyrrgreint viðmið í útgreiðslu vaxtabóta í frumvarpi til fjárlaga 2013.

Í fjárlögum fyrir árin 2011 og 2012 var veitt sex milljarða króna árlegt tímabundið framlag sem nefndust sérstakar vaxtaniðurgreiðslur. Niðurgreiðslan var almenn og óháð tekjum. Framlagið var fjármagnað í samkomulagi við fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði að hluta en ríkissjóður hefur þó greitt bróðurpartinn af niðurgreiðslunni.

Árið 2011 nam hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum heimila alls 21,9% og hafði rúmlega tvöfaldast á milli ára. Ef eingöngu er miðað við vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnaðis, en það eru einu vaxtagjöldin sem koma til athugunar við úthlutun vaxtabóta, þá nam hlutfallið 35,2%. Gera má ráð fyrir svipuðum hlutföllum fyrir árið 2012.

### Vaxtagjöld, vaxtabætur og einkaneysla (millj. kr. á verðlagi hvers tíma).

	Vaxtagjöld heimila alls	Vaxtagjöld heimila vegna íbúðarkaupna	Vaxtabætur	Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum heimila alls (%)	Hlutfall vaxtabóta af vaxtagjöldum heimila vegna íbúðarkaupna (%)	Einkaneysla heimila alls	Hlutfall vaxtagjalda heimila alls af einkaneyslu heimila alls (%)
2000	26.801	20.311	4.309	16,1	21,2	400.154	6,7
2001	31.353	23.271	4.721	15,1	20,3	418.190	7,5
2002	35.608	26.458	5.117	14,4	19,3	430.988	8,3
2003	38.224	28.801	5.756	15,1	20,0	463.476	8,2
2004	45.337	34.503	5.458	12,0	15,8	511.808	8,9
2005	50.628	36.786	5.472	10,8	14,9	588.997	8,6
2006	56.130	36.605	5.351	9,5	14,6	656.333	8,6
2007	68.442	42.859	5.633	8,2	13,1	725.158	9,4
2008	86.111	53.898	7.013	8,1	13,0	760.286	11,3
2009	116.124	60.002	10.429	9,0	17,4	733.218	15,8
2010	107.401	60.263	11.721	10,9	19,4	759.821	14,1
2011	86.470	53.849	18.970	21,9	35,2	813.192	10,6

Heimild: Hagstofa Íslands